

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1264/2014****2015/EES/34/33****frá 26. nóvember 2014****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 408/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 frá 25. nóvember 2009 um hagskýrslur um varnarefni <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1185/2009 er settur rammi fyrir sambærilega evrópska hagskýrslugerð um sölu og notkun varnarefna í landbúnaði.
- 2) Aðildarríki ættu, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1185/2009, að afhenda hagskýrslugögn á rafrænu formi, í samræmi við viðeigandi tæknisnið sem framkvæmdastjórnin samþykkir.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 <sup>(2)</sup> er ekki kveðið á um afhendingarsnið hagskýrslna fyrir varnarefni sem koma til afhendingar 2015 og því þarf að breyta henni.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

*„I. gr.*

Aðildarríki skulu afhenda hagskýrslugögn um varnarefni, sem um getur í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1185/2009, með því að nota skilgreiningar á gagnaskipan SDMX-sniðs. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal miðla gögnunum með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu eða gera gögnin aðgengileg fyrir heimt á rafrænan hátt.

*2. gr.*

Gagnaskipanin fyrir afhendingu á markaðssetningu varnarefna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) skal vera eins og tilgreint er í I. viðauka.

Gagnaskipanin fyrir afhendingu á markaðssetningu notkunar varnarefna í landbúnaði til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) skal vera eins og tilgreint er í II. viðauka.“

- 2) Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 408/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 341, 27.11.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 frá 27. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið (Stjtið. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 21).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

**Skipulag hagskýrslugagna um markaðssetningu varnarefna**

Eftirfarandi gagnaskipan skal koma fram í afhendingarskránum:

Fjöldi	Reitur	Athugasemdir
1	Land	t.d. Frakkland
2	Ár	Viðmiðunarár gagna (t.d. 2010)
3	Yfirflokkur	Kóðar sem eru tilgreindir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1185/2009
4	Vöruflokkur	
5	Íðefnaflokkur	
6	Virkt efni	
7	Gildi athugunar (selt magn)	í kílóum efnis.
8	Fyrir reitanúmer 3, 4, 5 og 6, trúnaðarmerkið	Kennimerki

## II. VIÐAUKI

**Skipulag hagskýrslugagna um notkun varnarefna í landbúnaði**

Eftirfarandi gagnaskipan skal koma fram í afhendingarskránni:

Fjöldi	Reitur	Athugasemdir
1	Land	t.d. Frakkland
2	Ár	Viðmiðunarár gagna (t.d. 2010)
3	Ræktun	Sundurliðun eftir einstakri ræktun
4	Virkt efni	Kóðar sem eru tilgreindir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1185/2009
5	Gildi athugunar: magn efnis sem notað er við ræktunina	í kílóum efnis.
6	Gildi athugunar: svæði ræktunar þar sem þetta efni er notað	í hekturum
7	Trúnaðarmerki	Kennimerki“